

**Viðbygging að Karlsbraut 6, Dalvík
Byggingarlýsing**


Einbýlishús með viðbyggðum bílskúr
Staðgreinir: 6400-01-48830060
Landnúmer: 151572

Karlsbraut 6, Dalvík, er steinsteypt tveggja hæða hús með viðbyggðum, steinsteyptum, bílskúr við norðurhlið hússins sem er með steyptri loft/þakplötu. Um er að ræða viðbyggingu áfasta norðurhlið hússins sem reist verður ofan á bílskúrnum og tengist efri hæð hússins.

Útveggir: Trégrind úr 2x6" timbri (með 600 mm bili, miðja í miðju) sem klætt verður utan með sömu steniklæðningu og nýlega hefur verið sett á húsið. Viðbyggingin verður sömu stærðar og bílskúrinn og koma þá veggir hennar í framhaldi upp af veggjum bílskúrsins nema vesturhliðin sem er inndregin um 150 mm. Gluggar verða úr timbri og kólnunartölur í samræmi við byggingarreglugerð. Veggir verða einangraðir samkvæmt byggingarreglugerð og klæddir innan með spónaplötum. Útgönguleiðir, BO, verða um útidyr á vestur- og austurhlið. Engir innveggir eru í viðbyggingunni. Hita- og vatnslagnir eru úr súrefnisþéttum pex-rörum.

Gólf: Steinsteypt þakplata bílskúrsins (þess má geta að við byggingu bílskúrsins árið 1962 var gert ráð fyrir þeim möguleika að byggt yrði ofan á bílskúrinn). Gólfíð verður flotað, hiti lagður í gólf og parket lagt á.

Þak: Burður er í Kerto burðarbitum, 51x250mm, með 600mm bili, miðja í miðju. Álag á þak er 3,5 KN/pr.ferm. Bitarnir eru 4.60 m langir og liggja þvert yfir viðbygginguna (norður/suður). Einangrun verður með 8" (230mm) steinull, loft- og þakklæðning (yfirklaðning) á hefðbundinn hátt og bárujárn sett á eins og á aðalbyggingunni.



grunnmynd

GRUNNMYND/
BYGGINGARLÝ
MKV.: 1:100

17. 5. 2007

Aðalheiður Atlad
arkitekt FAÍ

Aðalheiður